

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. febrúar 2022  
Tilvísun: 202202-0016  
SS/ELF

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 (vatnsorkuver, vindorkuver), 42 mál.**

Við er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 10. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 (vatnsorkuver, vindorkuver), 42 mál. Lagt er til að gerðar verði tvær breytingar á 1. viðauka við lögina, liði 3.15 og 3.16, þannig að vatnsorkuver, utan þess sem fellur undir tölul. 3.02, með uppsett rafafli 200 kW eða meira og vindorkuver, utan þess sem fellur undir tölul. 3.02, með uppsett rafafli 1 mW eða meira eða mannvirki sem eru 25 m eða hærra, falli framvegis undir A-flokk þ.e. framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum en þær eru í B-flokki í dag, tilkynningarskyldar framkvæmdir.

Náttúrufræðistofnun er reglulegur umsagnaraðili um matsskyldu og rannsóknaleyfi vegna virkjana og undanfarið hefur fjölgun orðið á umsögnum um rannsóknarleyfi fyrir minni vatnsorkuver. Þá hefur það vakið athygli að sumir framkvæmdaaðilar óska eftir að virkjanir minni en 10 mW fari í umhverfismat þó það sé ekki skylda samkvæmt lögum. Það er nefnilega vel þekkt að margar virkjanir í B-flokki geta haft umtalsverð umhverfisáhrif, og er það háð verndargildi náttúru á hverju áhrifasvæði fyrir sig.

Í núgildandi kerfi er lagt mat á umhverfisáhrif virkjana í B-flokki í tilkynningarferlinu um matsskyldu og þá leitar Skipulagsstofnun gjarnan til umsagnaraðila, m.a. Náttúrufræðistofnunar, um álit um matsskyldufyrirspurnina. Ef rök hneigja að því að frekari upplýsinga sé þörf til að meta umhverfisáhrifin getur Skipulagsstofnun ákveðið að framkvæmdin sé matsskyld. Að mati Náttúrufræðistofnunar virkar þetta ferli ágætlega til að álykta um umhverfisáhrif margra virkjana í B-flokki og því alls ekki alltaf víst að fullt umhverfismat bæti miklu við enda niðurstaða umhverfismatsins hvort eð er einungis ráðgefandi miðað við núgildandi lagaramma.

Að því sögðu telur Náttúrufræðistofnun í ljósi aukinnar sóknar í framkvæmd smávirkjana sem og í nýtingu vindorku almennt að það geti verið gagnlegt að skoða betur regluverk og lagaákvæði um þessar virkjanir og framkvæmd mats á umhverfisáhrifum fyrir þær. Rýna má t.d. hversu oft hefur verið ákveðið í kjölfar tilkynningar á framkvæmd smávirkjana að fara í mat á umhverfisáhrifum og hvort það sé í samhengi við þau tölulegu viðmið um uppsett rafafli sem stuðst er við í flokkun virkjunarkosta í 1. viðauka. Það gæti gefið tilefni til að lækka viðmiðin.



Annað atriði er að í ljósi þess að umhverfisáhrif vindorkukosta eru lítt þekkt enn sem komið er héraendis og lítil reynsla komin á notagildi viðmiða 1. viðauka, væri skynsamlegt að horfa til varúðarreglu laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og skilgreina viðmið varfærnislega með hagsmuni náttúrunnar og verndargildis hennar að leiðarljósi. Þá er sú aðferðafræði við flokkun virkjunarkosta í 1. áfanga að horfa fyrst og fremst til tölulegra viðmiða um uppsett rafafll sannarlega mikil einföldun sem eins og dæmin sanna er ekki án vandræða. Ef kæmi til endurskoðunar á regluverkinu í lögunum mætti skoða hvort innleiða mætti aðra þætti inn í þessa grunnflokkun, svo sem stærð og eðli áhrifasvæðis, þekkt sammögnunaráhrif við aðrar framkvæmdir o.fl. en það eru atriði sem eru rýnd í mati á umhverfisáhrifum sem og við ákvörðun um matsskyldu í kjölfar tilkynningar.

Virðingarfyllst,

Eydís Líndal Finnbogadóttir  
Forstjóri

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

